

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um gerð og búnað ökutækja, nr. 915 29. nóvember 2000.

1. gr.

1. gr. breytist þannig:

Við lið 01.30 (1) bætist:

Dráttarvél I (T₁):

Dráttarvél sem óhlaðin er með 1.150 mm sporvidd eða meira, eigin þyngd meiri en 525 kg og 1.000 mm hæð undir lægsta punkt eða minna.

Dráttarvél II (T₂):

Dráttarvél sem óhlaðin er með minni sporvidd en 1.150 mm, eigin þyngd meiri en 525 kg og 600 mm hæð undir lægsta punkt eða minna. Ef hlutfall milli hæðar undir þyngdarpunkt og minnstu sporviddar er meira en 0,9 má dráttarvél eigi vera hönnuð til hraðari aksturs en 30 km/klst.

Dráttarvél III (T₃):

Dráttarvél með eigin þyngd 525 kg eða minna.

Dráttarvél IV (T₄):

Önnur dráttarvél en dráttarvél I, II eða III.

2. gr.

3. gr. breytist þannig:

Við lið 03.01 (3), sbr. reglugerð nr. 772/2001, bætist: Frá 1. júní 2002 vísar liðurinn til tilskipunar 2001/3/EB um breytingu á tilskipun 74/150/EBE.

3. gr.

7. gr. breytist þannig:

a. 8. mgr. í lið 07.01 (1) orðist svo:

Auka háljósker: Ljósker skulu tengd öðrum háljóskerum og kvikna skal á þeim samtímis áskildum háljóskerum eða um sérstakan rofa. Þegar um er að ræða tvö þör auka-háljósa mega þau ekki lög samtímis. Þegar skipt er af háljósum á lágljós skulu öll háljósín slokkna samtímis. Aukaháljós skulu staðsett frammar en ökumaður. Að öðru leyti gilda sömu ákvæði og um áskilin háljósker.

b. Fyrsta þankastrik í lið 07.10 (2) orðist svo:
aðalljósker; tvö eða fjögur aukaljósker fyrir háljós.

4. gr.

12. gr. breytist þannig:

a. Liður 12.14 (2) orðist svo:

Vörubifreið II skal búin hraðatakmarkara sem er stilltur þannig að hraði geti ekki orðið meiri en 90 km/klst.

Ákvæðið telst uppfyllt ef stilling er samkvæmt eftirfarandi:

a. hraðatakmarkarinn er stilltur samkvæmt fyrirmælum framleiðanda um mesta frávík, þannig að stillt er á 90 km/klst. að frádregnu uppgefnu frávíki.

b. hraðatakmarkarinn er stilltur með hraðahermi, þannig að hámarkshraði fer ekki yfir 90 km.

c. ef ekki liggja fyrir upplýsingar framleiðanda um mesta frávík og ekki er til staðar hraðahermir, þá skal stilla hraðatakmarkara á 85 km/klst.

b. Nýr liður, 12.14 (3), orðist svo:

(3) **Gildistaka:** Ákvæði liðar 12.14 (2) gildir frá 31. desember 2002.

5. gr.

19. gr. breytist þannig:

Nýr liður, 19.30 (4), orðist svo:

(4) **Gildistaka:** Liður 19.30 (2) vísar frá 1. júní 2002 til tilskipunar 2001/3/EB.

6. gr.

22. gr. breytist þannig:

a. Í stað „2,50 m“ í lið 22.11 (4) komi 2,55 m.

b. Í stað „2,50 m“ í lið 22.30 (6) komi 2,55 m.

7. gr.

Viðauki III breytist þannig:

Undir Dráttarvélar:

a. Í reitinn „Síðari viðbætur“ við tilskipun 74/150/EBE bætist: 2001/3/EB.

b. Í reitinn „Síðari viðbætur“ við tilskipun 75/322/EBE bætist: 2001/3/EB.

8. gr.

Viðauki IV breytist þannig:

Undir Dráttarvélar:

Við 1. tölul. (tilskipun 74/150/EBE) bætist ný lína:

| | | |
|-----------|---------------|--------------|
| 2001/3/EB | L028 30.01.01 | *** 104/2001 |
|-----------|---------------|--------------|

Við 7. tölul. (tilskipun 75/322/EBE) bætist ný lína:

| | | |
|-----------|---------------|--------------|
| 2001/3/EB | L028 30.01.01 | *** 104/2001 |
|-----------|---------------|--------------|

9. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 60. gr. umferðarlaga, nr. 50 30. mars 1987, svo og með hliðsjón af I. og II. kafla II. viðauka við EES-samninginn, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 31. október 2001.

Sólveig Pétursdóttir.

Ólafur W. Stefánsson.

REGLUR

um Rannsóknþjónustu Háskólans.

1. gr.

Almennt.

Rannsóknþjónusta Háskólans er þjónustustofnun starfrækt af Háskóla Íslands og heyrir beint undir háskólaráð.